









**Blessun**

**Eftirspil**

*Ég bið að heilsa*

*Ingi T. Lárusson - Jónas Hallgrímson*

*Prestur: sr. Þráinn Haraldsson*
*Organisti: Hilmar Örn Agnarsson*
*Söngur: Kammerkór Akraneskirkju*
*Kontrabassi: Guðjón Steinar Þorláksson*
*Trompet: Bjarni Freyr Ágústsson*
*Útfararþjónusta Akraneskirkju*

***Jarðsett verður í Kirkjugarði Akraness að bálför lokinni***

***Ástvinir þakka samúð og vinarhug og bjóða viðstöddum að þiggja veitingar í Safnaðarheimilinu Vinaminni að athöfn lokinni***

*Litróf umhverfisvæn prentsmiðja*

# *Friðný G. Ármann*

*Fædd 12. desember 1928*
*Dáin 2. september 2024*



*Útför frá Akraneskirkju*
*þriðjudaginn 17. september 2024*

*Tónlist fyrir athöfn*

## Forspil
*Slá þú hjartans hörpustrengi*
*Erlent lag - Valdimar Briem*

## Bæn

Hærra, minn Guð, til þín,
hærra til þín,
enda þótt öll sé kross
upphefðin mín.
Hljóma skal harpan mín:
:,: Hærra, minn Guð, til þín, :,:
hærra til þín.

Sofanda sýndu þá
sólstigans braut
upp í þitt eilífa
alföðurskaut.
Hljómi svo harpan mín:
:,: Hærra, minn Guð, til þín, :,:
hærra til þín.

Lyfti mér langt í hæð
lukkunnar hjól,
hátt yfir stund og stað,
stjörnur og sól,
hljómi samt harpan mín:
:,: Hærra, minn Guð, til þín, :,:
hærra til þín.
*Adams - Matthías Jochumsson*

## Ritningarorð

Dag í senn, eitt andartak í einu,
eilíf náð þín, faðir, gefur mér.
Mun ég þurfa þá að kvíða neinu,
þegar Guð minn fyrir öllu sér?
Hann sem miðlar mér af gæsku sinni
minna daga skammti´ af sæld og þraut,
sér til þess, að færa leið ég finni
fyrir skrefið hvert á lífs míns braut.

Hann, sem er mér allar stundir nærri,
á við hverjum vanda svar og ráð,
máttur hans er allri hugsun hærri,
heilög elska, viska, föðurnáð.
Morgundagsins þörf ég þekki eigi,
það er nóg, að Drottinn segir mér:
Náðin mín skal nægja hverjum degi,
nú í dag ég styð og hjálpa þér.

Guð, ég fæ af fyrirheitum þínum
frið og styrk, sem ekkert buga má.
Auk mér trú og haltu huga mínum
helgum lífsins vegi þínum á,
svo að ég af hjartaþeli hreinu,
hvað sem mætir, geti átt með þér
daginn hvern, eitt andartak í einu,
uns til þín í ljóssins heim ég fer.
*Sandell-Berg - Sigurbjörn Einarsson*

## Ritningarorð

Vertu hjá mér, halla tekur degi,
Herra, myrkrið kemur, dylst mér eigi.
Þegar enga hjálp er hér að fá,
hjálparlausra líknin, vert mér hjá.

Óðum sólin ævi minnar lækkar,
alltaf heimsins gleðiljósum fækkar,
breytist allt og hverfur þá og þá -
þú, sem aldrei breytist, vert mér hjá.

Mitt við andlát augum fyrir mínum
upp, minn Drottinn, haltu krossi þínum.
Gegnum myrkrið lífsins ljós að sjá
leyf mér, góði Jesú, vert mér hjá.
*Erlent lag - Stefán Thorarensen*

## Guðspjall

Gleðinnar strengi gulli spunna hrærum.
Guðsdýrðar roði skin á tindum mærum.
Mætust itl minninga og ljóða er móðirin góða.
Litinn og tóninn, ljóð og málsins snilli,
lífandi hún gaf oss vöggudúra milli.
En til að skilja og sjá þess sönnu mynd,
sér hver má bergja af náttúrunnar lind.
Helgar þar guðveigar glóa
*Ingi T. Lárusson - Sigurður Arngrímsson*

## Minningarorð

## Kórsöngur
*Gullnu vængir*
*Giuseppe Verdi - Halldór Jörgenson*

## Bæn / Faðir vor

Ó, Guð, þú ert vor skjöldur skjól
er skirrir allri neyð.
Og þú ert vorrar sálar sól
er sífellt ljómar heið.
Þú er í stjarna undra geim
og innst í vorri sál,
og til þin öll vér horfum heim
úr heimsins glaum og villu sveim
og tökum himin höndum tveim
við heilagt lífsins bál

Ó, Drottinn, vak þú yfir oss
á ævi vorrar sæ
og láttu streyma líknar foss
frá lífsins fjöllum æ.
Lát á oss skína eilíft ljós
frá uppsprettunni,
þar sem blómgast kærleiks rauða rós
við röðul fagran lífsins ós
og ómar sætlegt sigurhrós
um sali allsstaðar.
*Jakob Jóh. Smári. -*
*Þórarinn Guðmundsson*

## Moldun

*Almennur söngur*

Nú legg ég augun aftur,
ó, Guð, þinn náðarkraftur
mín veri vörn í nótt.
Æ, virst mig að þér taka,
mér yfir láttu vaka
þinn engil, svo ég sofi rótt.
*Foersom / Sveinbjörn Egilsson -*
*P.C. Krossing 1820*

Ég fel í forsjá þína,
Guð faðir, sálu mína,
því nú er komin nótt.
Um ljósið lát mig dreyma
og ljúfa engla geyma
öll börnin þín, svo blundi rótt.
*Matthías Jochumsson -*
*P.C. Krossing 1820*